

ÁÁH-2019-05 – Krossneslaug, aðstaða

Umsækjandi er Ungmennafélagið Leifur heppni. Krossneslaug er sundlaug í Norðurfirði sem vígð var árið 1954. Sótt er um styrk að upphæð kr. 800.000 fyrir hönnun nýrra búningsklefa og aðstöðu fyrir umsjónamann við Krossneslaug. Aðstaða fyrir gesti er orðin ansi lúin og umsjónarmaður hefst við í bráðabirgðaaðstöðu, tjaldi við hlið búningsklefa. Verkefnið fellur nokkuð vel að markmiðasetningu byggðaþróunarverkefnisins.

Verkefninu var úthlutað 700.000 kr. árið 2019.

Upplýsingum úr framvindu- og lokaskýrslum verkefnisins verður bætt hér við eftir því sem verkefninu vindur fram.